**Ed.** **417. Tillaga**

til þingsályktunar um leigu á síldarbræðslustöð.

(Eftir fyrri umr. í Ed.).

Alþingi heimilar ríkisstjórninni að taka á leigu og starfrækja síldarbræðslustöð, sem ella mundi verða óstarfrækt, næsta síldveiðitímabil, á Siglufirði eða annarsstaðar, enda sé stöðin að öllu leyti í rekstrarhæfu ásigkomulagi frá hendi eiganda og áhætta í sambandi við reksturinn ekki óhæfilega mikil að dómi ríkisstjórnar.